

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Fjárlaganefnd**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðherra**
Dagsetning: **2. desember 2021**
Málsnúmer: **FJR21060071**
Bréfalykill: **8.1.3**

Efni: 6. gr. heimildir fjárlaga sem falla brott frá fyrra ári

Sala fasteigna.

- 2.6 Að leigja húseignina Skólavörðustíg 9, Reykjavík (*fellur brott eða breyting gerð vegna breyttra áforma – ný heimild er í fjárlagafrumvarpi vegna áforma um afhendingu til Minjaverndar*).
- 2.15 Að selja Ljósheima 22, Reykjavík og kaupa annað hentugra húsnæði (*búið að virkja heimild*).
- 2.16 Að selja Eskihlíð 6a, Reykjavík og kaupa annað hentugra húsnæði (*búið að virkja heimild*).
- 2.33 Að selja eignarhlut ríkisins í skrifstofuhúsnæði að Flugvallarvegi 13 við Egilsstaðaflugvöll (*fellur brott*).
- 2.34 Að selja Ásveg 31, Breiðdalsvík (*búið að virkja heimild*).
- 2.35 Að selja fasteignir í eigu ríkisins við Urðarveg, Ísafirði (*búið að virkja heimild*).
- 2.38 Að selja hlut ríkisins í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi (*búið að virkja heimild*).

Sala lóða, spildna og jarða.

- 3.3 Að selja land ríkisins á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá, Reykjavík (*fellur brott - í samræmi við sérstaka lagaheimild verður landið fært til Betri samgangna ohf til nánari þróunar til standa undir fjármögnun samgönguinnviða skv. samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins*).
- 3.8 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Bakkakot 1 og 2 í Skaftárhreppi (*búið að virkja heimild*).
- 3.10 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Þjótanda í Flóahreppi (*fellur brott*).
- 3.11 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Hraunbæ í Skaftárhreppi (*búið að virkja heimild*).
- 3.20 Að heimila Jarðasjóði að selja eða leigja jörðina Brúar í Þingeyjarsveit (*búið að virkja heimild*).
- 3.22 Að selja land ríkisins á Vatnsendahæð, Kópavogi (*búið að virkja heimild*).

Kaup og leiga fasteigna.

- 4.5 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir flugstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurfflugvöll (*fellur brott, ekki áformað að nýta lóð á vegum Reykjavíkurborgar undir flugstöð*).
- 4.6 Að kaupa sendiherrabústaði eða skrifstofur í Washington DC og London (*búið að virkja heimild*).
- 4.14 Að ganga til samninga við Seltjarnarbæ um kaup ríkisins á Safnatröð 5, Seltjarnarnesi (*búið að virkja heimild*).
- 4.22 Að kaupa að tillögu Þjóðminjasafns Íslands landspildu ásamt húsum og mannvirkjum úr landi Keldna á Rangárvöllum (*búið að virkja heimild*).
- 4.24 Að leigja eða kaupa húsnæði sem nýttist sem stækkun á flugstöðinni á Akureyrarflugvelli (*fellur brott, byggingarframkvæmdir eru í gangi á vegum ríkisins og því verður ekki ráðist í kaup eða leigu*).

Kaup og sala hlutabréfa og aðrar ráðstafanir vegna umsýslu félaga.

- 5.9 Að koma á fót hlutafélagi með allt að 100 m.kr. hlutafé sem hafi það hlutverk að annast minni fjárfestingar fyrir hönd stofnana ríkisins (*búið að virkja heimild*).

- 5.13 Að ganga til samninga við eigendur Auðkennis um kaup eða tilfærslu eignarhalds á félaginu til ríkisins (*búið að virkja heimild*).
- 5.16 Að leggja allt að 190 m.kr. hlutafé í Keili ehf. þannig að ríkissjóður verði meirihluta eigandi félagsins gegn því að sveitarfélögin á Suðurnesjum greiði jafnframt til viðbótar 180 m.kr. inn í félagið (*búið að virkja heimild*).

Ýmsar heimildir.

- 7.4 Að ganga til samninga við fyrrum gefendur lóðar og fasteigna Krísuvíkirkirkju og vinafélags Krísuvíkirkirkju um ráðstöfun lóðar og fasteigna endurbyggðrar kirkju (*búið að virkja heimild*).
- 7.10 Að selja varðskipin Ægi og Tý og kaupa eða leigja hagkvæmari skip í staðinn (*búið að virkja heimild, þ.e. kauphluta heimildarinnar, söluheimild á eldri skipin er áfram inni*).
- 7.25 Að veita framlög í sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu með arðbærum fjárfestingum sem auka eftirspurn eftir vinnuafli. Skilyrði framlaga til verkefnis er að það hafi hafist eigi síðar en 1. september 2020 og sé að fullu lokið eigi síðar en 1. apríl 2021. Vegna framlaga til menningar og lista sem ákvörðuð voru í fjárfestingaráttakinu er hins vegar heimilt að miða við að verkefni hefjist eigi síðar en 1. janúar 2021 og sé að fullu lokið 1. desember 2021 (*búið að virkja heimild*).